

**Sp. 89. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]**

um bættu aðstöðu og aukið öryggi opinna vélbáta.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Hjörtur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á bættri aðstöðu til rekstrar opnum vélbátum og auknu öryggi sjómanna á slíkum bátum.

**Greinargerð.**

Eftir útfærslu landhelginnar hefur færzt nýtt líf í útgerð opinna vélbáta hér á landi, og hefur þeim fjölgað verulega hin síðustu ár. Er nú talið, að til séu í landinu allt að 1500 slíkir bátar. Þeir eru að vísu hvergi nærri allir notaðir til reglulegra fiskiróðra, heldur til hinna ólíkustu þarfa annarra að auki. Fiskifélag Íslands heldur skýrslur um afla opinna vélbáta, og var hann skráður um 12000 lestir árið 1957 og 14000 lestir 1958. Var talið fyrra árið, að 344 opnir vélbátar stunduðu róðra nokkurn veginn reglulega, en síðara árið var talan komin upp í 392.

Af þessum tölum verður ljóst, að hér er um umfangsmikla atvinnugrein að ræða. Trillurnar leggja á land afla fyrir tugi milljóna á ári hverju. Þó hafa þær að ýmsu leyti verið hornreka og aðstaða þeirra engan veginn eins góð og æskilegt væri. Viða er þeim lítil sem engin aðstaða veitt í höfnum, sem byggðar eru fyrir almannafé. Á þetta ekki sízt við um stærstu hafnirnar, þar sem tala trillubáta er víða 30—50 á hverjum stað. Þá hefur verið of lítið gert fyrir þessa atvinnugrein í lánamálum, og er sérstaklega ástæða til að greiða fyrir mönnum, sem vilja eignast trillubáta og róa á þeim. Loks hafa verið erfiðleikar fyrir sjómenn að losna við afla af trillubátum, því að fiskvinnslustöðvar hafa verið kenjöttar í þeim efnum, og hefur þetta víða skapað erfiðleika. Fleira mætti nefna, og er vissulega ástæða til að láta fram fara athugun á þessum málum. Hugmynd flutningsmanna er sú, að aðgerðir til að bæta aðstöðu trilluútgerðarinnar yrðu síðan byggðar á slíkri athugun.

Öryggi sjómanna á opnu vélbátunum er alvarlegt mál, sem verður að gefa gaum. Samkvæmt tölu bátanna er vel hugsanlegt, að um 1000 manns séu á sjó samtímis á opnum bátum, ef þriðjungur trilluflotans er úti og tveir menn á hverjum bát. Öryggisútbúnaður á bátunum er lítill sem enginn, og þeir hafa enga aðstöðu til að hafa samband við land eða aðra báta, hvað sem fyrir kemur.

Flutningsmönnum er kunnugt, að Skipaskoðun ríkisins hefur leitazt við að auka öryggi þessara báta, en erfiðleikar eru margir á því sviði. Sérstaklega hafa tæki eins og minnstu gúmbátar og minnstu talstöðvar verið svo dýr, að varla hefur verið hægt að krefjast þess, að hver opinn vélbátur hefði þau. Hins vegar eru framfarir örvar á sviði öryggismálanna, og kann tæknin að leysa þetta mál fyrr en varir. Má einskis láta ófreistað til að auka öryggi trillusjómanna og auka árvekni þeirra sjálfra á þessu sviði.